



## Þingeyjarsveit

### Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfa

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi til Landsnets hf fyrir Þeistareykjalínu 1 og Kröflulínu 4, 220 kV háspennulína innan sveitarfélagamarka Þingeyjarsveitar dags. 14. júní 2016. Leyfin eru gefið út á grundvelli sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulínu frá Kröflu og Þeistaeykjum að Bakka, umhverfismats Háspennulína (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, Aðalskipulags Þingeyjarsveitar 2010-2022 og deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar.

Samkvæmt álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 24. nóvember 2010 telur hún að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði og eru það einnig skilyrði Þingeyjarsveitar fyrir leyfisveitingunum:

1. Landsnet þarf að tryggja að framkvæmdir auki ekki eyðingu gróðurs á svæði sem nú er eitt virkasta rofsvæði landsins.
2. Ef votlendi verður raskað þarf landsnet að endurheimta a.m.k. jafnstórt votlendissvæði og það sem raskast.
3. Landsnet þarf að tryggja að sjaldgæfum plöntum við Þeistareyki verði hlíft eins og kostur er og að staðsetning háspennumastra og lega slóða taki mið af staðsetningu þeirra og einnig umferð meðan á framkvæmdum stendur. Þá þarf Landsnet að tryggja að að framkvæmdir trufli ekki varp fálka á svæðinu.
4. Landsnet þarf í samráði við Minjastofnun Íslands að tryggja að ekki verði raskað fimm fornleigum í landi Þeistareykja.
5. Landsnet þarf að leggja fram áætlun um rannsóknir á umfangi áflugs fugla á raflínur og að niðurstöður rannsókna verði bornar undir Umhverfisstofnun.

Í greinargerð með umsókn með framkvæmaleyfi kemur fram hvernig Landsnet muni bregðast við þessum skilyrðum Skipulagsstofnunar, sem jafnframt eru skilyrði Þingeyjarsveitar fyrir leyfisveitingunni..

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 24. nóvember 2010 má finna á eftirfarandi vefslóðum:

Vegna sameiginlega umhverfismatsins:

<http://www.skipulagsstofnun.is/media/attachments/Umhverfismat/821/2010020001.pdf>

Vegna umhverfismats háspennulína:

<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/654/2007060066.pdf>

Nánari upplýsingar um útgáfu framkvæmdaleyfisins og forsendur þess er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar <http://www.thingeyjarsveit.is/> undir skipulagsmál.

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar.**